



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



9. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn fimmtudaginn 24. ágúst 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sem skráði fundargerð í tölvu. Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Breyting á veitustjórn og stjórnarsýslu Hrunamannahrepps

Erindinu var vísað til kynningar í Veitustjórn á sveitarstjórnarfundum þann 17. ágúst s.l. Sveitarstjóri kynnti þá tillögu sem sveitarstjórn fjallaði um en hugmyndirnar koma fram í kjölfar á úttekta ráðgjafafyrirtækisins KPMG á eignasjóði sveitarfélagsins, veitum (vatnsveitu, fráveitu/rotþróm, hitaveitu) og þjónustumiðstöð. Markmið úttekta var að skýra verklag og auka yfirsýn og umfang verkefna og meta hvar möguleg tækifæri til hagræðingar og skilvirkni liggja, þannig að sveitarfélagið yrði vel í stakk búið til að veita framúrskarandi þjónustu og takast á við framtíðar áskoranir.

Framlagðar tillögur felast í að Veitustjórn verði lögð niður í núverandi mynd og í staðinn verði til þriggja manna Veitu- og framkvæmdanefnd sem sjái um stefnumörkun og eftirfylgni verkefna á sviði eignasjóðs, Hitaveitu Flúða, Fráveitu Hrunamannahrepps, Vatnsveitu Hrunamannahrepps, Hrunaljóss og þjónustumiðstöðvar. Markmið nefndarinnar verði að vinna að uppbyggingu og rekstri grunninviða sveitarfélagsins í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.

Starf núverandi yfirmanns veitna og framkvæmda verði breytt í tvö. Til verði starf veitustjóra annars vegar og yfirmanns eignasjóðs, áhaldahúss og úrgangsmála hins vegar.

Sveitarstjóri kynnti drög að nýju erindisbréfi Veitu og framkvæmdanefndar sem og starfslýsingar beggja starfanna sem yrðu til í kjölfar breytinganna.

Veitustjórn fagnar mjög þeim tillögum sem settar eru hér fram með auknu stöðuhlutfalli til framkvæmda og úrgangsmála og því að lagt er upp með að veitustjóri geti einbeitt sér betur að veitumálum. Einnig styðjum við hugmyndir um að efla störf nefndarinnar með auknum verkefnum.

Það má ljóst vera að til margra ára hefur ekki nægjanlega verið hugað að þeim auknu verkefnum sem lögð hafa verið á veitustjóra og aðra starfsmenn sveitarfélagsins og valdið því að mikið álag hefur verið á starfsmenn veitna og þjónustumiðstöðvar.

Með stækkandi samfélagi, sem Hrunamannahreppur er, og þeim markmiðum sem sveitarstjórn stefnir að er nauðsynlegt að halda vel utan um framkvæmda- og veitumál til að taka vel á móti þeim fjölda sem hyggst byggja upp í sveitarfélaginu og að hlúa að mikilvægum innviðum í stækkandi sveitarfélagi. Veitur sveitarfélagsins eru margar og stórar, með yfirgripsmikil verkefni, og auk þess að þjónusta íbúa sveitarfélagsins þjónusta þær einnig önnur sveitarfélög.

Veitustjórn beinir því til sveitarstjórnar að með auknum verkefnum veitna og þeim nýju verkefnum sem hin nýja nefnd á að taka að sér, sé nauðsynlegt að fá fram sjónarmið breiðs hóps og tryggja lýðræðisleg vinnubrögð. Veitustjórn hvetur því sveitarstjórn til að skoða vandlega hvort betra sé að halda fimm fulltrúum í stjórn eins og reyndin er í dag en ekki fækka þeim um tvo eins og tillagan gerir ráð fyrir. Sveitarstjóra falið að koma öðrum athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn.

2. Kalt vatn að Kópsvatni, Skollagróf og að sumarhúsabyggðinni Dalabyggð í Reykjadal.

Erindi hefur borist frá ábúendum á bæjunum Kópsvatni og Skollagróf sem og fulltrúum fyrirtækjanna Úlfar ehf og Háhnjúks ehf sem eru eigendur lóða í sumarhúsabyggðinni Dalabyggð í Reykjadal. Í erindinu er ítrekuð umsókn um kalt neysluvatn og sett fram ósk um að kynntur yrði kostnaður og einnig hvenær framkvæmdir gætu hafist við slíka lögn.

Veitustjórn samþykkir að hefja undirbúning að lagningu kaldvatnsveitu að umræddu svæði. Veitustjórn samþykkir ennfremur að lögð verði lögn frá dælustöð við Garðastíg og upp sveit, að dælu sem sett verður við Kópsvatnsvirkjun. Þar skiptist lögnin og fari annars vegar að Skollagróf en hins vegar yfir Kirkjuskarð og að Reykjadal og þar með tengist Dalabyggð við vatnsveituna einnig. Veitustjóra falið að vinna kostnaðaráætlun og kynna hana í framhaldinu fyrir umsækjendum og mögulega öðrum sem gætu viljað tengjast umræddri veitu. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 verði gert ráð fyrir framkvæmdinni og þeim kostnaði sem falla mun á sveitarfélagið vegna þessa.

3. Vígsla á nýjum vatnstanki á Berghyl – skipulagning

Veitustjórn samþykkir að formleg vígsla vatnstanksins verði fimmtudaginn 31. ágúst eða vikuna á eftir til vara. Veitustjóra ásamt sveitarstjóra er falið að undirbúna samkomuna í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:03.